

Mál nr. 305/2009

M

og

vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.

Starfsmaður slasaðist við fall úr vinnutröppu þann 16.8.2008.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 2.9.2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf lögmennsstofu f.h. X.

Málsatvik.

M, sem er rafvirki, vann á vegum vinnuveitanda síns, V, í nýbyggingu við að tengja ljósabraut við tengibox. Var boxið í 3,70 m hæð frá gólfi og vann M við verkið í lausum vinnustiga í 1,45-1,75 m hæð. M féll úr stiganum niður á gólf með þeim afleiðingum að hann rotaðist og hlaut jafnframt áverka í andliti og á vinstri hendi. Engin vitni voru að slysinu og M hefur ekkert getað tjáð sig um málsatvik sökum minnisleysis.

Í umsögn Vinnueftirlits ríkisins um slysið kemur fram að umrædd trappa hafi ekki verið merkt staðli EN-131. Hún hafi verið mjög illa farin, skæld og snúin og ekki sé ósennilegt að hún hafi verið löskuð áður en slysið varð. Segir í umsögninni að slysið virðist mega rekja til þess að ástand tröppunnar hafi verið ófullnægjandi.

Af hálfu M hefur því verið haldið fram að auk ófullnægjandi ástands tröppunnar megi rekja slysið til þess að hann hafi verið látinn vinna í tröppunni lengur en reglur mæla fyrir um. Krefst hann bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá vátryggingafélaginu X. Félagið hefur á hinn bóginn hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt framangreindri umsögn Vinnueftirlitsins þykir nægilega sýnt fram á að ástand tröppunnar, sem M féll úr, hafi verið ófullnægjandi. Á því ber V ábyrgð. M var menntaður rafvirki og átti sömuleiðis að gera sér ljósa grein fyrir hinu bága ástandi tröppunnar. Ber hann því einnig talsverða ábyrgð á líkamstjóni sínu. Að öllu virtu þykir rétt að tjón M bætist að hálfu úr ábyrgðartryggingu V hjá X, en M beri sjálfur tjón sitt að hálfu vegna meðábyrgðar sinnar.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist að hálfu úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 13. október 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.